



Borgarráð

Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090039

Þorragata - lóðarvilyrði fyrir byggingu leikskóla Félagsstofnunar stúdenta

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, vilyrði fyrir úthlutun lóðar við Þorragötu til að byggja leikskóla til allt að þriggja ára frá samþykki borgarráðs, með fyrirvara um gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðina.

Greinargerð

Félagsstofnun stúdenta (hér eftir FS) hefur óskað eftir því að fá vilyrði fyrir lóð á svæði milli Eggertsgötu og Þorragötu til að byggja leikskóla. Afmörkun lóðar má finna í fylgiskjali en hún er til viðmiðunar og er ekki bindandi fyrir endanlega útfærslu á stærð lóðarinnar ásamt byggingarrétti í samþykktu deiliskipulagi. Stærð og staðsetning lóðarinnar, byggingarmagn o.fl. verður nánar ákveðið í deiliskipulagi. Endanleg mörk lóðar geta færst til lítilla eftir samþykkt deiliskipulags, t.d. vegna göngustíga eða lagna.

Gildistími lóðarvilyrðisins er allt að þrjú ár frá samþykkt þess í borgarráði. Lóðarvilyrðið fellur niður án sérstakrar tilkynningar hafi nýtt deiliskipulag ekki tekið gildi innan tveggja ára frá samþykkt vilyrðisins í borgarráði eða ef Félagsstofnun stúdenta óskar ekki eftir úthlutun lóðarinnar innan eins árs frá gildistöku deiliskipulags. Vilyrði þetta er óframseljanlegt nema að fengnu skriflegu samþykki Reykjavíkurborgar.

Byggingarréttur lóðarinnar verður metin af óvilhöllum fasteignasala. Komi til þess að í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir stúdentaíbúðum á lóðinni greiðir FS fyrir þá fermetra sama verð og önnur óhagnaðardrifin leigufélög greiða (nú 57.000 kr. pr. fermetra). Reykjavíkurborg mun veita stofnstyrk á móti byggingarrétti. Gatnagerðargjöld greiðast í samræmi við gildandi samþykkt um gatnagerðargjöld í Reykjavíkurborg við úthlutun.

Samhliða lóðarvilyrði þessu gera Reykjavíkurborg og Félagsstofnun stúdenta með sér viljayfirlýsingu um um samstarf um opnun nýs leikskóla á háskólasvæðinu.

Ívar Örn Ívarsson
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:
Drög að afmörkun lóðar.

Fylgiskjal I

